

Um bókmenntir

Sögusvið:	1
Umhverfi:	1
Persónur	1
Frásagnarháttur	2
Sjónarhorn – staða sögumanns	2
Hlutlægni – huglægni	2
Tími:	3
Minni	3
Margræðni / tvíræðni:.....	4
Sögumannsafstaða / hneigð	4
Söguleg nútíð:.....	5
Sögumaður / söguhöfundur	5
Persónusköpun og mannlýsingar:.....	5

Sögu svið:

- Vettvangur sem saga gerist á, umhverfi sem persónurnar hrærast í.
- Sögu svið er t.d.
 - Lýsingar á landslagi, hýbýlum og öðrum ytri aðstæðum.
 - Tímabundnar aðstæður, s.s. sögulegur tími viðburða, árstíðir, veðurfar o.s.frv.
 - Lífnaðarhættir og störf persona.
 - Félagslegt umhverfi, s.s. pólitískt, fjárhagslegt, trúarlegt eða siðferðilegt.
- Til að átta sig á sögu sviði getur verið gott að spyrja sig spurning eins og:
 - Hvar gerist sagan?
 - Hvenær gerist sagan?
 - Hvernig er veðrið?
 - Hvernig eru lífshættir persóna?
 - ...

Umhverfi:

- Allar ytri aðstæður, náttúrulegar, félagslegar og menningarlegar.

Persónur

- Aðalpersóna
 - gegnir meginhlutverki
 - mest er fjallað um hana af persónum sögunnar
- Aukapersónur
 - þjóna framgangi sögunnar
 - auka vitneskju um aðalpersónu
 - gegna ekki meginhlutverki

Frásagnarháttur

- 1. persónu frásögn – ég frásögn
 - persóna í sögunni er sögumaður
 - Ég vissi að ég hafði rétt fyrir mér...
- 3. persónu frásögn – hann/hún frásögn
 - sögumaður stendur utan við söguna
 - Hann lagði frá sér frakkann, rétt eins og hann hefði ekki orðið var við skjálftann.

Sjónarhorn – staða sögumanns

- Sögumaður stendur utan við söguna – 3. persónu frásögn:
 - alvitur sögumaður, veit allt sem allir sjá og hugsa
 - sögumaður takmarkar vitneskju sína, getur séð inn í huga einhverra persóna en ekki allra
 - hlutlæg frásögn, sagan er sýnd eins og í gegnum myndavélarlinsu, sjáum ekki inn í huga neinnar persónu.
- Sögumaður er persóna í sögunni og segir frá því sem hann sér og hugsar – 1. persónu frásögn.

Hlutlægni – huglægni

Í frásögn er um tvær leiðir að velja; hlutlæga og huglæga.

- Hlutlæg lýsing eða frásögn leggur áherslu á staðreyndir.
 - Markmið hlutlægrar frásagnar er að fræða og veita upplýsingar. Miklu skiptir að segja einungis frá staðreyndum.
- Huglæg lýsing eða frásögn felur í sér tilfinningaleg viðhorf og dóma.
 - Markmið huglægrar frásagnar er að tjá afstöðu mælanda og höfundar og hafa um leið áhrif á viðmælanda.
 - Dæmi: Mér finnst...

Tími:

- Tími er mikilvægt atriði í skáldverkum. Einkum er nauðsynlegt að höfundur haldi sig við tíma og umhverfi sem hann hefur valið en gleymi sér ekki blandi saman ólíkum tímaskeiðum. Það væri t.d. klaufalegt að láta sögu gerast um 1880 og segja að persónur hafi ekið um í billum.
- **Ytri tími:** Hvenær þeir atburðir gerast sem greint er frá samkvæmt almanakstíma.
- **Innri tími:** Sá tími sem líður innan takmarka verksins frá upphafi þess til enda.
 - T.d. er innri tími sjónvarpsþáttanna 24 einn sólarhringur, þar sem sagan gerist á einum sólarhring.
- Stundum hafa atburðir gerst löngu áður en sagt er frá þeim. Þá er talað um **sögutíma** þegar sagan gerist og **frásagnartíma** þegar sögumaður segir hana.

Minni

- Minni er notað um persónur, hluti, atvik eða viðbrögð manna sem koma fyrir aftur og aftur í bókmenntum, sögum og ljóðum, og gegna líku hlutverki og tákni.
- Dæmi um ævintýraminni sem ganga aftur í öðrum bókmenntum eru
 - vonda stjúpan,
 - kolbíturinn sem reynist vera hetja,
 - olnbogabarnið sem verður konungsdóttir.
- Dæmi um ljóðræn minni sem koma iðulega fyrir og skapa ákveðna stemningu eru náttúrufrýrbæri eins og
 - haf,
 - sólarupprás,
 - vor,
 - skógur,
 - lækjarniður.

Margræðni / tvíræðni:

- **Tvíræðni** er algengt stílbragð en vandmeðfarið.
- Tvíræðni felst í því að mynda bil milli efnis og stíls frásagnarinnar.
- Í því að segja eitt en koma því til skila með tóni, stíl eða framvindu verksins að maður meinar annað.
- Dæmi: Í skáldsöguhlutanum „Þrátt fyrir allt“ (bls. 85-90 í Mályrkju III) er okkur sagt að Heiða sé „einkennileg“ og það sé „ákaflega óheilbriggt að haga sér eins og hún gerði. Teikna og mála allar sínar frístundir!“ Heiða reynist einmitt vera sú heilbrigða, að mati sögumanns, hún er að þroska sig sem manneskju og listamann, en móðir hennar og vinkonur eyða tíma sínum í vitleysu.
- Athugaðu að með hugtakinu **tvíræðni** í bókmenntum er ekki átt eingöngu við það sem kallað er tvíræðni eða **margræðni** í málfræði eða merkingarfræði, þ.e. það að orð, orðasamband eða setning geti merkt tvennt eða fleira.
- Það er ekki síður átt við þau háðáhrif (íróníu) sem skáld og rithöfundar ná með því að meina í raun og veru annað en þau segja.

Sögumannsafstaða / hneigð

- Sögumannsafstaða (eða hneigð) er misjafnlega skýr í skáldverkum, en ef við leitum vel má ævinlega finna hana.
- Stundum er hún meðvituð, höfundur ætlar að koma ákveðnum boðskap eða skilaboðum til lesandans í gegnum sögumann sinn; jafnvel áróðri.
- Stundum er hún ómeðvituð.
- Þá veit höfundur ekki að hann hefur ákveðnar skoðanir sem koma fram í texta hans.

Söguleg nútíð:

- Söguleg nútíð er það kallað þegar sagt er frá löngu liðnum atburðum eins og þeir séu að gerast um leið og sagt er frá þeim. Þetta færir þá nær lesanda og þegar vel tekst til verða þeir áhrifameiri, dramatískari.

Sögumaður / söguhöfundur

- Hver einasta saga hefur sögumann, ákveðna rödd sem segir okkur söguna (eins og ljóðmælandi talar við okkur í ljóði).
- Stundum er hann áberandi, talar við lesanda sinn, stundum er hann ópersónulegur og heldur sig í bakgrunninum.
- Með því að rýna í textann getum við þó sé hvers konar manneskja sögumaðurinn er, hvaða smekk og skoðanir hann hefur og hverju hann vill koma á framfæri við okkur lesendur.
- Oft er erfitt að greina á milli sögumanns og **söguhöfundar**. Söguhöfundur er maðurinn sem stýrir frásögninni á bak við sögumanninn.

Persónusköpun og mannlýsingar:

- Persónusköpun er meginatriði í skáldskap. Ef persónur vekja ekki áhuga lesenda er ekki líklegt að þeir endist til að lesa bókina.
- Tvær helstu leiðir við persónusköpun eru:
 - **Bein lýsing**
 - **Óbein lýsing**
- Meginmunur er á beinum og óbeinum lýsingum:
 - Beinum lýsingum er tekið sem staðreyndum.
 - Af óbeinum lýsingum eru dregnar ályktanir og sköpuð heildarmynd af persónunni. Lesandi kemst þá að því hvernig persónan er inrætt með því að fylgjast með hvernig þær tala og haga sér.
 - **Bein lýsing:**

- Höfundur eða sögumaður lýsir persónum beint; ytra útliti, atgervi, hátterni og jafnvel innræti.
- Dæmi: Gunnvör var alltaf í skærum fötum, hló mikið og var yfirleitt í góðu skapi. Hún var skemmtileg og góð manneskja.
- **Óbein lýsing:**
 - Framkoma persóna og hegðun, orð þeirra og athafnir, misræmi eða samræmi milli þess sem þær segja og gera.
 - Viðhorf og umsagnir annarra gefa okkur mynd af persónunni.
 - Hvernig ytri atburðir eða hughrif orka á persónuna, t.d. í einræðum og hugsuðu tali.
- Sumar persónur í sögum eru einfaldar (t.d. alltaf hressar), aðrar eru flóknar (t.d. hressar á yfirborðinu en þunglyndar eða jafnvel illa innrættar þegar nánar er að gætt). Einstaka persóna breytist í sögu sinni, tekur t.d. út þroska. En sá þroski verður að vera í samræmi við einkenni og skap persónunnar.